

Aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands 18.apríl 2013

Borgartúni 6

Dagskrá fundarins:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess.
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) Önnur mál

a) Laufey Gissurardóttir formaður hóf fundinn og bauð fólk velkomið, lagði til hverjir yrðu starfsmenn fundarins. Kosnir voru eftirfarandi starfsmenn:
Fundaritarar voru Áslaug Rut Kristinsdóttir og Hildur Ómarsdóttir.
Fundarstjóri var Guðný Stefánsdóttir

b) Laufey Gissurardóttir lagði fram skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2012-2013.
Byrjað var að fara yfir hverjir eiga sæti í stjórn félagsins og verkaskiptingu stjórnarmanna.

Stjórnin fundaði í alls 14 skipti á árinu. Auk þess voru haldnir tveir vinnufundir um gerð handbókar fyrir félagið.

Haldinn var sameiginlegur fundur þann 23.apríl 2012. Þar voru markmið fyrir starfsárið sett og skipting verka átti sér stað.

Stéttarfélagar eru orðnir 619, fagaðilar 11 auk þess sem nokkrir nemar í þroskaþjálfrafræðum skráðu sig sem aukafélaga.

Trúnaðamannafundir voru 4 á starfsárinu.

Haldið var boð fyrir útskriftarnema Þroskaþjálfadeildar og starfsmenn HÍ í júní 2012. Að sögn Laufeyjar var góð mæting á þennan kynningarfund.

Eins og undanfarin ár hefur formaður lagt áherslu á að funda með þroskaþjálfum og trúnaðarmönnum um land allt. Markmiðið hefur verið að ná til sem flestra, heyra hvernig gengur og svara spurningum. Á þessu ári voru 10 fundir haldnir.

Fræðslufundur var haldinn 3.maí. Umfjöllunarefni fundarins var þjónusta fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Þar var verið að fylgja efni málþings Þ.Í 2012. Fyrirlesarar voru Margrét Lína Steingrimsdóttir og Sigurbjörg I Friðriksdóttir forstöðuþroskaþjálfar á skammtímavistunum fyrir börn.

20.
ARK

Málþing var haldið í nóvember 2012 á vegum Þroskaþjálfafélags Íslands og Rannsóknarstofu í þroskaþjálfrafræðum sem bar yfirskriftina *Ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu*. Efni málþingsins var um ný lög sem tóku í gildi 1.júlí 2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk 2011 nr. 88. Kafli V. Í þeim lögum tóku gildi með breytingum þann 1.október ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk. Í málstofunni var gengið út frá lögnum og þýðingu þeirra í störfum þroskaþjálfra.

Starfsdagar voru haldnir 24.-25. janúar í Reykjanesbæ. Yfirskriftin að þessu sinni var *Siðareglur og gildi í nútíma samfélagsins. Er þörf á að endurskoða siðareglur þroskaþjálfra?*

Yfir 100 þroskaþjálfar mættu á starfsdaga. Dagskráin var fjölbreytt, fyrirlestrar og hópavinna þar sem félagsmenn komu sínum hugmyndum á framfæri. Fulltrúar siðanefndar og aðilar úr fagráði ásamt formanni og framkvæmdastjóra ÞÍ vinna nú úr niðurstöðum starfsdaga og er megináhersla sú að endurskoða gildandi siðareglur.

Velheppnað málþing var haldið þann 1. mars í samstarfi við Þroskahjálp, Samband íslenskra sveitarfélaga Rannsóknarstofu í þroskaþjálfrafræðum og Félagsráðgjafafélags Íslands undir yfirskriftinni „*Heimili meira en hús*“. Á málþingið mættu um 350 manns. Málþingsgestir voru sammála um að í búsetuþjónustu er mikilvægt að vinna faglega og hafa fagfólk starfandi í þeirri þjónustu.

Þroskaþjálfafélag Íslands verður 50 ára árið 2015. Stjórn félagsins hefur skipað afmælisnefnd til að halda utan um skipulagningu afmælisársins. Nánar er fjallað um nefndina í aðalfundargögnum, bls. 7.

Á síðasta aðalfundi var ákveðið að leita samninga við Þorvald Kristinsson rithöfund um ritun sögu Þroskaþjálfafélags Íslands. Samkomulag náðist við Þorvald og hann hóf starf á síðasta ári. Sjá nánar í aðalfundargögnum bls. 7.

Þann 11. desember 2012 var undirrituð ný reglugerð um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfra og skilyrði til að hljóta starfsleyfi. Þroskaþjálfafélag Íslands gerði alvarlegar athugasemdir við notkun hugtaksins „sjúklingur“ í drögum að reglugerðinni þar sem það á ekki við og kemur hvergi fram í lögum um þroskaþjálfra nr. 18/1978 og reglugerð nr. 215/1987 um störf, starfsvettvang og starfshætti þroskaþjálfra. Hugtakanotkun sem styður sjúklingavæðingu fatlaðs fólks samrýmist ekki siðareglum eða starfskenningum þroskaþjálfra. Tekið var tillit til gagnrýni ÞÍ og önnur orðanotkun sett inn í reglugerðina þar sem hægt var. Sjá nánari umfjöllun í aðalfundargögnum, bls. 8.

Að venju tekur félagið þátt í erlendu samstarfi. Félagið á aðild að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS). Síðustu tvö árin hefur verið unnið að verkefninu *Barnasáttmálinn og þroskaþjálfun*. Þar er lögð áhersla á að við sem fagmenn vinnum eftir barnasáttmálanum. Verkefnið er á heimasíðu félagsins www.throska.is undir *erlent samstarf*. Verkefnið er á dönsku, ensku og íslensku. ÞÍ fékk styrk frá Innanríkisráðuneytinu til að þýða verkefnið á íslensku.

Sameiginlegir fundir hafa verið haldnir með NSSK sem eru norræn samtök félagsráðgjafa og NFFS norrænum samtökum þroskaþjálfra.

20.
ARK

Einnig á félagið fulltrúa í AIEJI (International Association of Social Educators).

Nánar er fjallað um þessi samtök í aðalfundargögnum.

Fundað var reglulega í samstarfsnefndum Reykjavíkurborgar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, bæði varðandi þau mál sem skotið hefur verið til nefndarinnar og eins vegna bókanna varðandi þroskaþjálfar í grunnskólum og svo launaþróun forstöðumanna. Einnig um bókun 2 varðandi hæfnismat þar sem Mannauðsskrifstofa Reykjavíkurborgar vinnur greinargerð fyrir samstarfsnefnd um hæfnismat og kynhlutalaus hæfnismatskerfi.

Unnið hefur verið í samstarfi við aðildarfélög BHM í bókun 1 í ríkiskjarasamningi. Skipt hefur verið í starfshópa til að gera kerfisgreiningu. Samningsaðilar áttu að taka til umfjöllunar álit starfshópsins og leggja fram tillögu og framkvæmdaráætlun um fyrstu aðgerðir í síðasta lagi 15. maí 2012. Þessar tillögur hafa ekki enn verið lagðar fram.

Í febrúar var undirritað samkomulag um breytingar á kjarasamningi við ríkið, sveitarfélög og Reykjavíkurborg. Í samkomulaginu felst að samningstíminn er stytur um tvo mánuði og rennur út þann 31. janúar 2014.

Laufey minnir á að alla kjarasamninga er að finna á heimasíðu félagsins og hversu mikilvægt það er að kunna að lesa sinn kjarasamning.

Á formannafundi BHM í mars 2013 voru kynntar stefnur BHM. Þær eiga að vera gott verkfæri til að styðja við málflutning bandalagsins. Markmiðið er að stefnan verði lögð fram og samþykkt á aðalfundi sem haldinn verður 17. maí nk. Stefnurnar varða:

- Menntamál
- Launamál
- Jafnréttismál
- Lífeyrismál
- Málefni stúdenta og LÍN

Nánar sjá um innhald hvernar stefnu í aðalfundargögnum.

Styrkur BHM felst að miklu leyti í krafti, deiglu og samstöðu sem felst í bandalagi sem er stærra en summa þeirra félaga sem mynda það. Mikil og fjölbreytt reynsla, þekking og færni er innan félagsins sem allir hafa aðgang að og hægt er að miðla milli félaga. Um helmingur félaga hefur aðsetur í höfuðstöðvum BHM og er það mjög til að efla samstarfið.

Faghópar innan félagsins eru orðnir 5 talsins, þar má nefna þroskaþjálfar sem vinna í leikskólum, grunn- og framhaldsskólum, dag- og búsetuþjónustu og þroskaþjálfar sem starfa við félagsþjónustu. Faghóparnir hafa haldið nokkra fundi á árinu. Vert er að taka fram að nýlega funduðu nokkrir þroskaþjálfar með það að markmiði að stofna faghóp fyrir þroskaþjálfar sem vinna með fólk með samþætta sjón og heyrnarskerðingu.

Nánar er hægt að lesa um markmið hvers faghóps fyrir sig í aðalfundargögnum.

AK
ARK

Þí er með tvo sjóði sem félagsmenn geta sótt um styrki. Sjóðirnir eru fag og fræðslusjóður Þí og Vísindasjóður. Breyttar reglur eru varðandi úthlutunartímabil hjá Vísindasjóði fyrir árið 2013. Sækja þarf um í sjóðinn fyrir 15. maí næstkomandi. Úthlutað verður eigi síðar en 1.júní. Upplýsingar og rafræna umsókn má nálgast á heimasíðu félagsins www.throska.is.

Að lokum talaði Laufey um mikilvægi þess að Þroskaþjálfar kynni störf sín og séu sýnilegir. Auk þess sem hún þakkar öllum sem tekið hafa þátt í starfi félagsins á árinu.

- c) Valborg Helgadóttir gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðasta ár (sjá bls. 17-22).

Fyrirspurn kom frá Salóme Þórisdóttur vegna launakostnaðar. Hún spyr hvers vegna launakostnaður hafi verið lægri en árið á undan þar sem framkvæmdarstjórastaða hefði bæst við. Það er vegna launa ritstjóra sem fékk laun greidd í janúar 2013 í stað desember 2012.

Fyrirspurn kom úr sal um hvers vegna svona lágir vextir væru á eignum og sjóðum félagsins og hvort það væri hagstætt. Formaður og gjaldkeri hafa gert úttekt á bankamálum félagsins og við erum að gera allt það besta sem mögulegt er án áhættu. Laufey tekur fram að þetta sé góð ábending, en við höfum komið vel út úr hrininu einmitt vegna þess að varkárni hefur verið gætt.

Spurning úr sal um hvað ferðakostnaður erlendis standi fyrir. Þetta er kostnaður við erlent samstarf.

Önnur spurning kom úr sal varðandi endurgreiðslu vegna funda og ráðstefna innanlands. Anna Lilja svaraði að hún væri vegna hagnaðar sem var skipt á milli félaganna sem héldu utan um sameiginlegu ráðstefnuna sem haldin var í ágúst 2011. Þí lagði fram mikla vinnu og kom ráðstefnan út með hagnaði. Hagnaðurinn var nýttur í að greiða ráðstefnur/málþing sem nýttust félagsmönnum.

Bæði innborganir og úthlutanir hafa aukist í Vísindasjóð. Fleiri starfsmenn sem vinna hjá sveitarfélögum og fleiri sem sækja um styrk.

- d) Lagabreytingar. Vegna breytinga á lögum um heilbrigðisstarfsmenn.

Laufey leggur til breytingar á orðalagi í lögum félagsins vegna nýrra laga um störf heilbrigðisstarfsmanna. Fundargestir koma með athugasemd um að þetta sé lagabreyting þrátt fyrir að vera eingöngu breyting á orðalagi og hefði þurft að auglýsa og kynna fyrir félagsmönnum fyrirfram. Fundarstóri stígur í pontu og segir að samkvæmt fundarsköpum megi aðalfundur samþykkja að gera lagabreytingu án auglýsingar ef aðalfundur samþykkir það. Það er lagt fyrir fundinn sem samþykkir með handauppréttingu. Breytingarnar lagðar fyrir.

Í lögum félagsins stendur í 3. gr. „Rétt til fullrar aðildar að félaginu eiga: Þroskaþjálfar sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfra og skilyrði til að hljóta starfsleyfi nr. 1120/2012 og greiða

Á.Ö.
ARK

stéttarfélagsgjöld til félagsins.

Lífeyrisþegar innan ÞÍ halda fullum félagsréttindum en greiða ekki félagsgjöld.

Rétt til fagaðildar að félaginu eiga:

Þroskaþjálfar sem hlotið hafa löggildingu skv. reglugerð um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfra og skilyrði til að hljóta starfsleyfi nr. 1120/2012 og greiða faggjöld. Þeir hafa ekki ákvörðunarvald um kjara og samningamál.

Þroskaþjálfanemar geta orðið aukafélagar og hafa tillögurétt og málfrelsi en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi.

Fyrirspurn kom úr sal frá Salóme Þórisdóttur um hvort lögin gildi einnig fyrir þroskaþjálfra með próf úr Þroskaþjálfaskólanum. Anna Lilja segir svo vera. Umræður um löggildinguna samkvæmt nýju reglugerðinni og hvort verið væri að hindra að þroskaþjálfar samkvæmt gömlu reglugerðinni gætu verið í félaginu.

Önnur tillaga var borin upp sem var eftirfarandi:

3. gr. „Rétt til fullrar aðildar að félaginu eiga:

Þroskaþjálfar sem hlotið hafa starfsleyfi á Íslandi og greiða stéttarfélagsgjöld til félagsins. Lífeyrisþegar innan ÞÍ halda fullum félagsréttindum en greiða ekki félagsgjöld.

Rétt til fagaðildar að félaginu eiga:

Þroskaþjálfar sem hlotið hafa starfsleyfi á Íslandi og greiða faggjöld. Þeir hafa ekki ákvörðunarvald um kjara og samningamál.

Þroskaþjálfanemar geta orðið aukafélagar og hafa tillögurétt og málfrelsi en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi.

Þessi lagabreyting með breytingartillögunni var samþykkt.

Kristrún Sigurjónsdóttir spyr hvort allir þroskaþjálfar sem eru með starfsleyfi séu með aðild að stéttarfélaginu.

Góð ábending til félagsins vegna máls sem nýverið var fjallað um í fjölmiðlum. Hjúkrunarfræðingur sem starfaði á Landspítalanum og var ekki með tilskilið starfsleyfi. Vinnuveitendur eiga að óska eftir starfsleyfi.

e) Kosning í stjórn, ráð og nefndir.

Þóroddur Þórarinsson fyrir hönd kjörnefndar.

Í ár er kosið um varaformann. Sigríður Rut Hilmarsdóttir gefur ekki kost á sér áfram sem varaformann. Halldóra Jóhannesdóttir Sanko gefur kost á sér. Enginn mótframboð. Samþykkt með lófaklappi.

20.
ARK

Stjórnarmenn: Engin mótframboð, Steinunn Jónsdóttir gefur kost á sér til eins árs. Jón Þorsteinn Sigurðsson til tveggja ára. Uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.

Útgáfuráð: Engin framboð, uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.

Fagráð: Engin mótframboð, uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.

Laganefnd: Engin mótframboð, uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.

Kjörnefnd: Engin mótframboð, uppstilling kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.

- f) Skoðunarmenn reikninga kosnir árlega. Lagt var til að skoðunarmenn síðasta árs yrðu áfram. Jóhanna Margrét Árnadóttir, Þórhildur Garðarsdóttir og Þórunn Böðvarsdóttir til vara. Samþykkt með lófaklappi.

Fulltrúar tilnefndir af stjórn í Siðanefnd kynntir.

Fulltrúi ÞÍ í Þroskahjálpi verður skipaður á fyrsta fundi nýrrar stjórnar.

g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin.

Anna Lilja Magnúsdóttir kynnir fjárhagsáætlun 2013. Launagreiðslur munu aukast þar sem stjórn tók þá ákvörðun að auka stöðu framkvæmdastjóra frá og með 1. september úr 60% í 80%. Sett verður í meira fé í sérfræðiaðstoð þar sem m.a. þarf að endurskoða heimasíðuna og fá sérfræðiaðstoð vegna siðareglanna. Jafnframt benti hún á að kostnaður endurskoðanda sem væri undir þessum lið væri lægri í ár en í fyrra þar sem skrifstofan sér nú um ákveðna hluti sem endurskoðandinn hafði gert áður.

Anna Lilja leggur til að félagsgjald verði áfram 1,5% að dagvinnulaunum. Fagfélagsgjald verði áfram 12000 krónur. Samþykkt með lófaklappi.

Spurt var úr sal hvað fagfélagsgjald væri. Anna Lilja svaraði þeirri spurningu og greindi frá því að það væri gjald fyrir þá sem ekki eiga þess kost að eiga aðild að stéttarfélaginu en vilja halda fagaðild.

h) Önnur mál

Enginn lagði fram önnur mál.

Að lokum tekur til máls Laufey Gissurardóttir og þakkar þeim sem hafa starfað fyrir félagið, sumir hverjir í mörg ár. Þakkar sérstaklega Sigríði Rut fráfarandi varaformanni ÞÍ, Valborgu Helgadóttur fráfarandi gjaldkera fyrir samstarf í stjórn síðustu árin og færir þeim blómvönd. Einnig þakkaði hún samstarf við Friðþór Ingasyni fyrir stjórnarsamstarf síðastliðið ár en hann sá sér ekki fært að mæta á aðalfund.

Þeir sem voru að ljúka störfum í ráðum og nefndum kallaðir upp og fengu þakkir fyrir vel unnin störf og rós. Að lokum voru starfsmönnum fundarins þakkað fyrir sín störf og færð rós.

Laufey var minnt á að skemmtinefnd sé starfandi. Í henni sitja Laufey og Margrét, farin var ein ferð á Helgafellið á síðasta ári.

Fundi slitið.

Aslaug Rut Kristinsdóttir
Hildur Ornardóttir